

## **Fundargerð**

8. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020.  
19. maí kl. 8:15 í stofu 5 í Heppuskóla

**Fundarstjóri:** Þórgunnur Torfadóttir

**Fundarritari;** Eygló Illugadóttir

**Mætt:** Gunnhildur Imsland, Sunna Guðmundsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Birkir Snær Ingólfsson, Björn Sigfinnsson, Eva Rán Ragnarsdóttir, Heiður Sigurðardóttir, Kristín Gestsdóttir, Eygló Illugadóttir og Þórgunnur Torfadóttir.

### **Dagskrá**

1. **Niðurstöður skoðunarkönnunar meðal foreldra um seinkun skólabyrjunar.** Niðurstöður voru að 63,19% sögðu nei og 36,81% já. Fræðslunefnd fjallaði um málið 18. maí og þar var tekin sú ákvörðun að ekki seinkar skólabyrjun.
2. **Ósk um breytingu á skóladagatali** m.a. vegna þess að námsferð kennara fram á næsta skólaár en einnig vegna óska starfsfólks um að prófa að hafa vetrarfrí fyrir ármót (nýtt skóladagatal fylgdi fundarboði í viðhengi). Skólaráð samþykkti breytingu á skóladagatali og skóladagatal fyrir næsta skólaár er komið á heimasíðu skólans.
3. **Umbótaáætlun vegna ytra mats lögð fram til samþykktar.** Umbótaáætlun samþykkt í skólaráði. Nú verður hún send á Menntamálastofnun og sett á heimasíðu skólans.
4. **Niðurstöður samræmdra prófa – (sjá viðhengi)** 9. bekkur kemur einstaklega vel út úr samræmdu prófunum í ár og vel yfir landsmeðaltali í öllum greinum. Í skólanum þykir ástæða til að rýna í það af hverju þessir nemendur koma svona vel út en ekki aðrir árgangar. Þessi bekkur hefur fengið sömu kennara og aðrir bekkir og sambærilega vinnu og í bekknum eru alveg jafn mörg námsvandamál og í öðrum bekkjum og t.a.m. fleiri nemendur með lestrarerfiðleika en í flestum öðrum árgöngum. Kennarar tala um að foreldrahópurinn sé sérstaklega sterkur og standi alltaf með skólanum og að það sé eftirsóknarvert að standa sig vel í þessum hópi. Foreldrar í hópnum hafa nefnt að ef upp kemur vandi hjá einu barni og foreldri lætur vita þá bregðast hinir foreldrarnir við. **Hvað finnst skólaráði að ætti að gera með þessar niðurstöður fyrir utan að óska nemendum og foreldrum innilega til hamingju?** Foreldrahópurinn er mjög gott bakland og þau grípa inn í strax ef eitthvað kemur upp á. Mikil samstaða foreldra og nemenda. Foreldrar hafa alltaf staðið með skólanum ef eitthvað kemur upp á. Mikill metnaður í þessum bekk og það er eftirsóknarvert að standa sig vel og fá góða einkunnir. Mikil þrautseigja í nemendahópnum. Gott að ræða á foreldrafundum.
5. **Foreldrafundur að fara af stað vegna niðurstaðna úr könnuninni Ungt fólk 2020.** Nýjustu niðurstöður sýna að 8. og 10. bekkur koma ekki vel út en 9. bekkur kemur vel út. Í ljósi þessa og niðurstaðna samræmdra prófa í 9. bekk þar sem 9. bekkur kemur afburðar vel út var ákveðið á fundi með félagsmálayfirvöldum og fræðslustjóra að boða til foreldrafunda því mikilvægt væri fyrir foreldra að sjá þessar niðurstöður og geta stillta saman strengi sína fyrir sumarið. Erla Björg Sigurðardóttir félagsmálastjóri verður á fundunum ásamt

skólastjórnendum og umsjónarkennurum. Á fundinum verður farið yfir helstu niðurstöður en foreldrum síðan gefinn tími til samráðs og samvinnu. Þetta er einskona framhaldsfundur frá janúarfundinum en vegna fjöldatakmakana og fjarlægðartakmarkana sem enn eru í gildi vegna Covid-19 verða nemendur ekki með á fundunum en það verður búið að fara yfir helstu niðurstöður með þeim fyrir fundina.

6. **Niðurstöður foreldrakönnunar skólalúlsins.** Könnunin var tekin í febrúar og í fréttabréfi í mars var sagt frá helstu niðurstöðum. Einn þáttur kemur sérstaklega illa út en það er agi í skólanum. Á fundinum var leitað eftir hugmyndum að því hvernig væri hægt að bæta aga í skólanum. Litlar niðurstöður komu því fólk var sammála um að skoðanir fólks á því hvað er agi skiptir máli. Skólinn hefur ákveðna ferla sem unnið er eftir og kannski er mikilvægast að kynna þá vel og kynna uppeldisstefnuna sem við vinnum eftir.
7. **Frekari iPadvæðing í skólanum** – sjá bréf í viðhengi sem sent hefur verið til fræðslunefndar og bæjarráðs. Lagt fram til kynningar og umsagnar. Í fræðslunefnd var þessi tillaga samþykkt.
8. **Starfsmannamál.** Kennararáðningar eru langt komnar og búið er að auglýsa eftir öðru starfsfólki. Leyfi fékkst hjá fræðslunefnd til að fækka heldur stuðningsfulltrúum og fjölga í staðinn fagmenntuðu fólki og eru það einkar ánægjulegar fréttir.
9. **Námskeið í teymisvinnu 8. júní með eftirfylgd næsta vetur sem framhald af námi kennara í vetur.** Eftir námið í vetur var alveg ljóst að kennarar vildu meiri samvinnu og samráð fyrir næsta vetur og því var ákveðið að fá námskeið í teymisvinnu til okkar í vor og verður eftirfylgd með því næsta vetur. Það er von okkar að með því náum við að styrkja nám og kennslu enn meira í skólanum. Ekki verður þó um formlegt nám að ræða heldur fyrst og fremst starfsþróun.
10. **Enn vantar tvo fulltrúa foreldra í skólaráð fyrir næsta vetur.**
11. **Húsnæðismál skólans.** Á fundi fræðslunefndar 18. maí var lagt til að skólinn verði í einni byggingu og framtíðarhúsnæði skólans verði við Heppuskóla. Framtíðarhúsnæði Kátakots verði í Hafnarskóla.
12. **Önnur mál:**
  - a. **Skólaferðalög á unglíngastigi** eru óbreytt nema ekki verður hægt að fara á Reyki en vonandi verður það í boði í haust fyrir þau.
  - b. **Skólaslit verða með óhefðbundnu skipulagi í 1. – 9. Bekk en útskriftarhátíð 10. bekkjar verður trúlega haldin í Hafnarkirkju.**

**Fundi slitið kl. 9:40**